

Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár er kveðið á um sex grunnþætti sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Þeir varða starfshætti skóla, inntak og umhverfi náms og er ætlað að vera leiðarljós og skapa samfellu í öllu skólastarfi.

1. Hvernig má tryggja að grunnþátturinn SJÁLFBÆRNI komi fram og endurspeglis í?

- a) Inntaki námsgreina / námssviða og kennslufræði þeirra
- b) Starfsháttum skóla og menningu þeirra

1a. Flétta þátt umhverfisins sem víðast inn í námsgreinarnar. Nýta gæðin án þess að ganga á höfuðstólinn, draga úr mengun, huga að félagslega þættinum og lífsgæðum.

2.a Nauðsynlegt er að skilgreina hugtakið Sjálfbærni. Sjálfbærni mætti skilgreina þannig að við viljum skila náttúru, efnahag og félagslegum gildum til komandi kynslóða í sama eða betra ástandi en við höfum þau.

3.a. Skilgreina þarf hugtakið. Nemendur vinni með hugtakið tengt verkefnum og hver einstaklingur sé hluti af samfélaginu og beri ábyrgð samkv. því.

1b. Mikilvægt að skólinn sé fyrirmynd, t.d. með því að flokka og endurnýta. Sé til fyrirmyndar í umgengni og fara vel með, spara og sóa ekki.

2. b. Í leikskóla er sjálfbærni eðlileg, sem og í yngstu bekkjum grunnskóla, en svo fer þetta að verða þínu hallærislegt. Því þyrfti að breyta.

3. b. Auka þarf samstarf og þekkingu milli skólastiga í gegnum verkefnið. T.d. Gullin í grenndinni; samstarfsverkefni í leik- og grunnskólum í Árborg ásamt FSu ef mögulegt er. Þar á að sameinast um að ganga vel um umhverfið í kringum skólana.

Að auka þekkingu á sínu nærumhverfi og nýta það vel.

2 Hvað þarf til þess að öflug menntun í sjálfbærni_eigi sér stað? (Reynsla, hugmyndir og leiðir)

1. Það þarf að hugsa sjálfbærni frá víðasta til þrengsta sviðs. Jörðin öll yfir til einstaklingsins. Fræðsla þarf að vera um hringrásir, vistfræði, aðstæður annarra þjóða og framtíðarsýn. Hugsa ekki bara um daginn í dag. Think Globally, Act Locally.

2. Allir þurfa að taka þátt og temja sér þennan lífsstíl. Vera fyrirmynd í orði og verki. Breiða út „fagnaðarerindið“. Í kennslu og umgengni við allt og alla. Reynslan kemur með æfingunni.

3. Að gera nemendur ábyrga og meðvitaða fyrir eigin námi, heilsu og umhverfi. Efla samkennd allra og efla nám um nýtingu náttúrunnar án þess að hún beri tjón af.

3 Hugmyndir um aðferðir til að auka sjálfbærni þvert á námsgreinar/námssvið?

1. Efla þarf hópastarf, samvinnu, samkennd, tillitssemi, virka hlustun, virðingu, aga, útikennslu, hófsemi, samhjálp og ábyrgð einstaklinga og samfélaga. Draga þarf úr efnishyggju.

2. Samþætting námsgreina.

Fjallganga= reiknum út vegalengd, hæð og tíma göngu, smurt nesti, hollt og næringarríkt, frágangur og umgengni, félagsfærni æfð með því að taka tillit til allra í göngunni. Heilsuefling, tjáning, úrvinnsla í orði og úr efni sem finnst á leiðinni, mála á fjallinu, flytja ljóð.

3. Samþætting námsgreina. Uppruni efna og nýting, hvaðan koma fötin okkar, efnið í smíðinni, matreiðslunni og fleira. Nýta okkar framleiðslu.

4 Annað sem skiptir máli

1. Hver og einn getur gert sitt. Sjálfbærni byrjar hjá mér. Auka þarf fræðslu um sjálfbærni, t.d. í fjölmiðlum.

2. Sjálfbærni er eðlilegur hluti af lífinu í víðasta samhengi þess orðs. Neysluhyggjan má aldrei ná yfirráðum og drepa sjálfbæra hugsun og atferli. Við verðum að muna að jörðin er ekki okkar eign, við höfum hana að láni og okkur ber að skila henni í sama eða betra horfi til afkomenda okkar. Velferð okkar byggist á að bera virðingu fyrir jörðinni.

Málþing mennta- og menningarmálaráðuneytis 31. október 2012
Umræður í málstofum – SJÁLFBÆRNI Í SKÓLASTARFI